



Borgarráð

***Starhagi 1, sala byggingarréttar fyrir flutningshús.***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta lóð og selja byggingarrétt fyrir flutningshús á lóðinni, Starhagi 1, að undangengu mati á verðmæti byggingarréttarins á lóðinni og jákvæðri umsögn skipulagsfulltrúa um flutning tiltekins húss á lóðina.

*Greinargerð* : Reykjavíkurborg á ofangreinda lóð ásamt byggingarrétti lausa til ráðstöfunar fyrir flutningshús. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur áður beitt þeirri aðferð með góðum árangri við sölu á byggingarrétti flutningslóða að ákveða söluverðið en fela skipulagsfulltrúa að velja það flutningshús sem hentar best á lóðina. Markaðsverð byggingarréttar lóðarinnar verður metið og hún auglýst á föstu verði.

Skipulagsfulltrúa yrði síðan falið að velja það hús á lóðina sem fellur best að götumyndinni og gildandi deiliskipulagi sem tók gildi með auglýsingu í b-deild Stjórnartíðinda þann 1. janúar 2017. Gert er ráð fyrir heimilt sé að byggja nýtt hús eða setja á lóðina flutningshús skv. deiliskipulaginu og er hámarksbyggingarréttur lóðarinnar 260 fermetrar.

Áætlað verð byggingarréttarins er 15-20 milljónir króna.

Hrólfur Jónsson